

Ásdís Briet Scheving og
Anna Sif Gunnarsdóttir
Reykjamel 19,
270 Mosfellsbæ.

Mosfellsbæ 16. júlí 2015
2015 04068 fb

Grenndarkynning

á umsókn um leyfi fyrir viðbyggingum við Reykjamel 8. (Send eigendum Reykjamels 1, 3, 8, 10, 17 og 19)

Skipulagsnefnd Mosfellsbæjar hefur falið undirrituðum að láta fara fram grenndarkynningu í samræmi við 44. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 á umsókn eigenda Reykjamels 8 um leyfi til að byggja við húsið til vesturs og suðurs, samtals 41,4 m², og breyta sólskála í stofu. Á meðfylgjandi uppdráttum er gerð nánari grein fyrir framkvæmd þeirri sem sótt er um.

Í 44. gr. Skipulagslaga segir m.a. um grenndarkynningar:

„Þegar sótt er um byggingar- eða framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmd, sem er í samræmi við aðalskipulag hvað varðar landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar í þegar byggðu hverfi og deiliskipulag liggur ekki fyrir eða um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi getur skipulagsnefnd ákveðið að veita megi leyfi án deiliskipulagsgerðar, enda fari áður fram grenndarkynning.

Grenndarkynning felst í því að skipulagsnefnd kynnir nágrönnum sem taldir eru geta átt hagsmuna að gæta leyfisumsókn eða tillögu að breytingu á skipulagsáætlun og gefur þeim kost á að tjá sig um hana innan tilskilins frests sem skal vera a.m.k. 4 vikur. (...)“

Í þessu tilviki er um að ræða umsókn um byggingarleyfi í þegar byggðu hverfi þar sem deiliskipulag liggur ekki fyrir. Yður er hér með gefinn kostur á að koma skriflegum athugasemdum eða ábendingum vegna þeirra framkvæmda sem sótt hefur verið um á framfæri í Þjónustuveri Mosfellsbæjar að Þverholti 2 eða með tölvupósti til undirritaðs. Frestur til að skila inn athugasemdum/ábendingum er um 4 vikur frá dagsetningu þessa bréfs, þ.e. til og með föstudeginum 14. ágúst 2015. Litið verður svo á, að þeir sem ekki gera athugasemdir séu samþykkir fyrirhugaðri framkvæmd.

Bent skal á að heimilt er að stytta tímabil grenndarkynningarinnar, ef allir þátttakendur hafa fyrir ofangreindan eindaga lýst því skriflega yfir með áritun á kynningargögn að þeir geri ekki athugasemdir við fyrirhugaða framkvæmd.

Nánari upplýsingar verða gjarnan veittar hjá undirrituðum ef óskað verður, í símatíma frá kl. 10 - 11 og í viðtalstíma frá kl. 11-12 alla virka daga.

Virðingarfyllst,

Finnur Birgisson
Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar
finnur@mos.is

Meðfylgjandi: *Minnkaður uppdráttur af fyrirhugaðri framkvæmd.
Listi yfir þátttakendur í grenndarkynningu.*

Listi yfir þátttakendur í grenndarkynningu:

Vegna Reykjamel 1 (nágranni)

Dís Níelsdóttir
Reykjamel 1,
270 Mosfellsbæ

Vegna Reykjamel 3 (nágranni)

Reynir Sigurðsson og
Sigríður Pálsdóttir
Reykjamel 3,
270 Mosfellsbæ

Vegna Reykjamel 8 (umsækjandi)

Ómar Anton Ásgrímsson og
Valborg Erna Ingólfssdóttir
Reykjamel 8,
270 Mosfellsbæ

Vegna Reykjamel 10 (nágranni)

Kristinn Magnússon
Reykjamel 10,
270 Mosfellsbæ

Vegna Reykjamel 17 (nágranni)

Jóhannes Eyfjörð Eiríksson
Reykjamel 17,
270 Mosfellsbæ

Vegna Reykjamel 19 (nágranni)

Ásdís Bríet Scheving og
Anna Sif Gunnarsdóttir
Reykjamel 19,
270 Mosfellsbæ